

ENDURSKOÐUN SIÐAREGLNA - HVERS VEGNA OG HVERNIG?

Siðareglur og gildi í nútíma samfélagi

Starfsdagar Þroskaþjálfafélags Íslands 24.-25. janúar 2013

Sigurður Kristinsson, prófessor í heimspeki, forseti hug- og félagsvísindasviðs HA



YFIRLIT

- Hvað eru siðareglur?
- Hvernig tengjast þær fagmennsku?
- Hvers vegna ætti fagstétt að skrá siðareglur sínar?
- Hvers vegna ætti fagstétt sem skráð hefur siðareglur sínar að endurskoða þær?
- Að hverju er að hyggja við skráningu og endurskoðun siðareglna?



HVAÐ ERU SIÐAREGLUR?

- Einn þáttur siðferðis, skv. eftirfarandi greiningu þess í meginþætti:
 - Verðmæti og gildismat
 - Dygðir og lestir einstaklinga
 - Siðareglur
 - Skyldur og ábyrgð
 - Páll Skúlason, *Siðfræði* (1990), sjá einnig skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis (2010).



HVAÐ ERU SIÐAREGLUR?

- Spurningar sem vakna:
 - Hvaðan þiggja þær gildi sitt?
 - Af góðum afleiðingum / verðmætum sem þær standa vörð um (afleiðingahyggja)
 - Af því að með því að breyta samkvæmt þeim sýnir maður virðingu fyrir manneskjunni (skyldusiðfræði)
 - Eru þær undantekningarlausar?
 - Þessu er ekki einfalt að svara. Dæmi: „Hafa skal það sem sannara reynist“. Hvenær á þessi regla við og hvers krefst hún þá af okkur?
- Siðareglur leysa ekki dómgreind okkar af hólmi



HVAÐ ERU GILDAR SIÐAREGLUR?

- Reglunytjastefna
 - Þær siðareglur eru gildar sem leiða til mestrar velferðar þegar til langs tíma er litið, að því gefnu að allir fari eftir þeim.
- Hið skilyrðislausa skylduboð Immanuel Kants
 - Breyttu einungis eftir þeirri reglu sem þú getur viljað að verði að algildu lögmáli.
- Sáttmálakenning Thomas Hobbes
 - Siðferðið er fólgið í öllum þeim reglum sem styrkja samlíf manna



HVERNIG TENGJAST SIÐAREGLUR FAGMENNSKU?



HVERNIG TENGJAST SIÐAREGLUR FAGMENNSKU?

- Fagmennska í víðum skilningi:
 - Fagmennska er *kunnátta*, *færni* og *alúð* við það starf sem maður hefur atvinnu af og hefur með viðurkenndum hætti sýnt fram á tilskilda færni og þekkingu til að gegna.
 - Alúðin felur m.a. í sér *siðferðilegar dygðir* á borð við heilindi, heiðarleika og trúnað.
 - Ólíkt *lausamanni* er fagmaður skuldbundinn starfinu og *innri gildum* þess, sem greinast í *samfélagslegt hlutverk*, *almenn siðferðisgildi* og *vandaða starfshætti*.



HVERNIG TENGJAST SIÐAREGLUR FAGMENNSKU?

- Fagmennska í þrengri skilningi:
 - Algengustu skilyrðin:
 1. Löng menntun
 2. Vitsmunalegur þáttur
 3. Samfélagslega mikilvæg þjónusta
 - Önnur skilyrði:
 4. Opinbert starfsleyfi
 5. Fagsamtök
 6. Sjálfræði í starfi
- Frekari einkenni:
 7. Skráðar siðareglur
 8. Sjálfseftirlit
 9. Einkaréttur á starfsemi



HVERNIG TENGJAST SIÐAREGLUR FAGMENNSKU?

- Fagstéttir sem standa undir nafni...
 - ... sýna í verki þær dygðir sem nauðsynlegar eru til að standa undir siðferðilegum skuldbindingum starfsins.
 - ... hafa kerfisbundna tilhneingingu til að setja almannahag og frumskuldbindingu starfsins ofar sérhagsmunum.
 - Þetta krefst þess að hver fagmanneskja sé meðvituð um siðferðilegar skuldbindingar starfs síns og ígrundi reglulega hvernig starfshættir endurspegli best þær skuldbindingar.



HVERNIG TENGJAST SIÐAREGLUR FAGMENNSKU?

- Faglegar dygðir:
 - Þeir eiginleikar fagmanneskju sem reynir á þegar hún gegnir starfsskyldum sínum vel.
 - Fela í sér *tæknilegan* þátt og *siðferðilegan* þátt



HVERNIG TENGJAST SIÐAREGLUR FAGMENNSKU?

1. *Tæknilegi þátturinn:* Að hafa þekkingu og kunnáttu á verksviði sínu. Bæði almenn (fræðileg) þekking og hæfileiki til að meta aðstæður og bregðast við á sem áhrifamestan hátt. Færni til að velja og feta bestu leiðirnar að gefnum markmiðum.
2. *Siðferðilegi þátturinn:*
 - *Dómgreind.* Hvenær er markmið þess virði að fara þá leið sem möguleg er? Hvernig á að velja á milli markmiða? Hver á að hafa úrslitavald um markmið, t.d. í meðferð sjúklings?
 - *Siðferðileg þekking.* Almenn siðferðisvitund; vitund um siðferðileg álitamál á starfssviðinu; vitund um skuldbindingar fagsins
 - *Aðstæðubundin siðferðileg færni.* Næmi fyrir siðrænum þáttum.
 - *Samskiptahæfni* og sköpun úrræða
 - *Áhugi* á þeirri hugsjón sem starfið felur í sér; *vilji* til að inna störf sín sem best af hendi.



HVERS VEGNA ÆTTI FAGSTÉTT AÐ SKRÁ SIÐAREGLUR SÍNAR?

- Siðareglur eru yfirleitt óskráðar, fela í sér boð og bönn
- Skráðar siðareglur fagstétta
 - gefa fagfólki og almenningi fyrirheit um að fagstéttin muni nýta bestu þekkingu og aðferðir sem völ er á til að þjóna skjólstæðingum sínum og almannahag frammar eigin hagsmunum eða öðrum sérhagsmunum (Davis, 1991)
- Skráðar siðareglur eru ekki lagareglur
 - Kveða á um hugarfar, ekki bara breytni.



HVERS VEGNA ÆTTI FAGSTÉTT AÐ SKRÁ SIÐAREGLUR SÍNAR?

- **Ekki** til að:
 - segja nákvæmlega fyrir um hvernig eigi að breyta í öllum aðstæðum
 - tryggja persónulega sérhagsmuni stéttarfólks
 - auðvelda ákvarðanir um að víkja fólki úr starfi eða refsa því með öðrum hætti
 - *tryggja* gott siðferði



HVERS VEGNA ÆTTI FAGSTÉTT AÐ SKRÁ SIÐAREGLUR SÍNAR?

- Miðla uppsafnaðri reynslu
 - Sjálfsskilningur og lærdómar
- Hjálpa fólki að átta sig á starfsskyldum sínum og tileinka sér þær
 - Mótun fagmennsku – starfsmenntun og starfsþróun
- Búa til farveg fyrir umræðu um siðferðileg efni
 - Siðanefnd getur tekið forystu
 - Siðareglur styðja við siðferðilega umhugsun en leysa dómgreindina ekki af hólmi



HVERS VEGNA ÆTTI FAGSTÉTT AÐ SKRÁ SIÐAREGLUR SÍNAR?

- Sameinast sem stétt um tiltekinn skilning á faglegum skyldum
 - Sáttmáli fagstéttar. Mótun faglegs sjálfsskilnings.
- Gera skuldbindingar sínar opinberar og gagnsæjar, bæði innan og utan fagstéttarinnar
 - Grundvöllur sáttmála fagstéttar við samfélagið, sbr. greiningu Davis (1991).
 - Gæðamat, „hin nýja fagmennska“
- beina ágreiningsmálum í viðurkenndan farveg
 - Siðanefnd gegnir hér lykilhlutverki



HVERS VEGNA ÆTTI FAGSTÉTT AÐ SKRÁ SIÐAREGLUR SÍNAR?

- skilgreina viðurkennda/ásættanlega breytni;
- hvetja til góðra starfshátta (promote high standards of practice);
- láta meðlimum í té viðmið (benchmark) sem gagnast við sjálfsmat;
- skapa umgjörð um faglega breytni og ábyrgð;
- farvegur faglegrar sjálfsmyndar;
- til marks um faglegan þroska;
 - [Life Skills Coaches Association of British Columbia](#)




HVERS VEGNA ÆTTI FAGSTÉTT, SEM SKRÁÐ HEFUR SIÐAREGLUR SÍNAR, AÐ ENDURSKOÐA ÞÆR?

- Tímarnir breytast – og mennirnir með!
 - Starfsaðstæður
 - Samfélagsþróun
 - Þekking
 - Viðhorf
- Skráðar siðareglur eru ófullkomið tæki í þágu þess að stéttin þjóni sem best þörfu og réttmætu hlutverki sínu í samfélaginu.



AÐ HVERJU ER AÐ HYGGJA VIÐ SKRÁNINGU OG ENDURSKOÐUN SIÐAREGLNA?

- **Faglegar skyldur:** Samheiti yfir þær skyldur sem fylgja þátttöku í starfsgrein.
- Rökstuðningur þeirra kemur úr tveimur áttum:
 - Frumskuldbinding starfsins
 - Almenn siðferðisgildi




DÆMI UM ÁKVÆÐI SEM TJÁ FRUMSKULDBINDINGU

- Hún kveður á um tilgang starfsins og hlutverk í samfélaginu og þar með þá þjónustu sem því er ætlað að veita:
 - „Þroskaþjálfari **beitir fagþekkingu sinni í því skyni að bæta lífsskilyrði og lífsgæði skjólstæðinga sinna**. Virðing og umhyggja fyrir skjólstæðingum og aðstandendum þeirra skal vera grunnur í starfi þroskaþjálfara“
 - „Hlutverk hjúkrunarfræðings er fjórþætt: að efla heilbrigði, sporna við sjúkdómum, bæta heilsu og lina þjáningar“ ([Siðareglur Alþjóðasamtaka hjúkrunarfræðinga](#), 2006)
 - „Kennarar vinna að því að mennta nemendur og stuðla að alhliða þroska þeirra með fræðslu, uppeldi og þjálfun“
 - Hlutverk leikskólakennara er að stuðla að alhliða þroska barna á leikskólaaldri.”
 - „Sálfræðingar leggja sitt af mörkum til að bæta lífsskilyrði og lífsgæði fólks með því að próa, miðla og hagnýta sálfræðilega þekkingu.“



ALMENN SIÐFERÐISGILDI

- Þau siðferðisgildi sem öllum ber að virða, hvaða starfi sem þeir gegna
- Dæmi: Heiðarleiki, sanngirni, sannsögli, virðing, tillitssemi, góðvild, að valda ekki óþarfa skaða, standa við loforð, heilindi, trúmennska/hollusta o.s.frv.
- Mikið í húfi fyrir samfélagið að fagstéttir virði slík gildi.



DÆMI UM ÁKVÆÐI SEM TJÁ ALMENN SIÐFERÐISGILDI

- „Kennurum ber að hafa jafnrétti allra nemenda að leiðarljósi í skólarstarfi. Kennarar eiga að vinna gegn fordómum og mega ekki mismuna nemendum t.d. Vegna kyns, þjóðernis eða trúarbragða“
- „Kennurum ber að gæta trúnaðar við nemendur“
- „Leikskólakennarar skulu gæta þagnarskyldu um vitneskju sem þeir öðlast í starfi sínu um einkahagi barna og foreldra/forsjáraðila þeirra, með þeim takmörkunum sem lög og reglugerðir setja leikskólakennurum.“
- „Þroskaþjálfari skal bera virðingu fyrir lífaldri skjólstæðingsins, einkalífi hans og eignum.“




FERNS KONAR ÁBYRGÐ / SKYLDA

1. *Höfuðábyrgð* (frumskylda)
 2. *Starfsábyrgð* (hæfnisskylda)
 3. *Borgaraleg ábyrgð* (félagslegar skyldur)
 4. *Samábyrgð* (bróðurlegar skyldur)
- Vilhjálmur Árnason (1993) *Siðfræði lífs og dauða*, bls. 65-75



TENGLI VIÐ RÉTTLÆTINGARNAR



HÖFUÐÁBYRGÐ / FRUMSKYLDA

- „Þroskaþjálfari beitir fagþekkingu sinni í því skyni að bæta lífsskilyrði og lífsgæði skjólstæðinga sinna. Virðing og umhyggja fyrir skjólstæðingum og aðstandendum þeirra skal vera grunnur í starfi þroskaþjálfara“
- „Hjúkrunarfræðingur á umfram allt skyldum að gegna við þá, sem þurfa hjúkrunar við. Frumskylda hans er að virða velferð og mannhelgi skjólstæðings“
- Orðar frumskuldbindingu starfsins og þau gildi sem í henni felast.



STARFSÁBYRGÐ / HÆFNISSKYLDA

- „Þroskapjálfi skal einungis taka að sér starf eða ráðgjöf sem hæfir menntun hans. Hann skal leitast við að veita þjónustu samkvæmt ströngustu faglegum kröfum. Þroskapjálfa ber skylda til að viðhalda þekkingu sinni.“ (4.gr.)
- „Hjúkrunarfræðingur viðheldur þekkingu sinni og færni og ber faglega og lagalega ábyrgð á störfum sínum. Hann tekur þátt í þróun þekkingar í hjúkrun og byggir störf sín á rannsóknarniðurstöðum til hagsbóta fyrir skjólstæðing“



BORGARALEG ÁBYRGÐ / FÉLAGSLEGAR SKYLDUR

- „Hjúkrunarfræðingur hefur frumkvæði að og er virkur þátttakandi í stefnumótun og eflingu heilbrigðisþjónustunnar“ (11. gr.)
- „Læknir skal líta á fræðslustarf sitt sem sjálfsagða skyldu. Læknir skal kosta kapps um að miðla þekkingu sinni sem víðast til lækna og læknanema, til annarra heilbrigðisstétta og til almennings.“ (4.gr)
- „Lækni er skylt að veita sjúklingi nauðsynlega læknishjálp í viðlögum, nema hann hafi fullvissað sig um, að hún sé veitt af öðrum.“(5.gr)
- Helgast fyrst og fremst af frumskuldbindingu starfsins
- Í Siðareglur þroskaþjálfra (og ýmissa annarra starfsstétta) vantar slíkt ákvæði



SAMÁBYRGÐ / SKYLDUR VIÐ STARFSFÉLAGA

- „Þroskaþjálfari skal jafnan sýna drengskap í samskiptum við starfsfélag. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt getur álit almennings á starfi þroskaþjálfara eða skert hagsmuni stéttarinnar.“ (5.gr)
- „Þroskaþjálfari skal leita aðstoðar annarra sérfræðinga ef þörf er á. Hann skal virða sérþekkingu annarra faghópa og nota sérþekkingu sína til að ráðleggja öðrum.“ (6. gr)
- „Verði þroskaþjálfari þess var að starfsfélagi hans hafi brotið siðareglur ber honum að ræða brotið við viðkomandi. Sé það árangurslaust ber að tilkynna brotið til siðanefndar Þroskaþjálfafélags Íslands.“ (9.gr)
- „Hjúkrunarfræðingur hagar svo störfum sínum að hann sé stétt sinni til sóma. Hann varast að nota starfsheiti sitt í auglýsingaskyni og skal ekki njóta hlunninda frá skjólstæðingi sínum“ (7.gr)



SAMÁBYRGÐ / SKYLDUR VIÐ STARFSFÉLAGA

- „Hjúkrunarfræðingur ráðfærir sig við samstarfsfólk með hagsmuni skjólstæðings í huga. Hann tekur ekki að sér þau verkefni sem hann ræður ekki við heldur vísar þeim til hæfari aðila“ (8.gr)
- „Hjúkrunarfræðingur ástundar heiðarleg og holl samskipti við samstarfsfólk. Hann sýnir stéttvísi í samskiptum við hjúkrunarfræðingur innan og utan starfsvettvangs“ (9.gr)
- „Hjúkrunarfræðingur miðlar eigin þekkingu og reynslu til nemenda í hjúkrunarfræði og annars samstarfsfólks“ (10.gr)



SAMÁBYRGÐ / SKYLDUR VIÐ STARFSFÉLAGA

- Hollusta við samstarfsfólk vÍkur ef hún stangast á við starfsgildin:
- „Hjúkrunarfræðingur vekur athygli á því ef ráðstafanir stjórnvalda og annarra stjórnenda ganga gegn hagsmunum skjólstæðings. Ef heilbrigði eða öryggi skjólstæðings er stefnt í hættu vegna ófaglegra eða ólöglegra starfa samstarfsfólks ber hjúkrunarfræðingi að tilkynna það viðeigandi aðilum.“ (5.gr)
- „Verði þroskajálfi þess var að starfsfélagi hans hafi brotið siðareglur ber honum að ræða brotið við viðkomandi. Sé það árangurslaust ber að tilkynna brotið til siðanefndar Þroskajálfafélags Íslands.“ (9.gr)



AÐ HVERJU ER AÐ HYGGA VIÐ SKRÁNINGU OG ENDURSKOÐUN SIÐAREGLNA?

- Tilgangur skráningarinnar þarf að vera ljós.
- Víðtækt samráð og stuðningur innan fagfélags.
- Taka mið af nýjustu þróun félagslegs og lagalegs umhverfis.
- Skýr og einföld orðanotkun, sem er laus við tækniorð og innihaldslausar alhæfingar.
- Bregðast við spurningum og aðstæðum sem fólk stendur í raun frammi fyrir.
- Veita aðgang að frekari upplýsingum og leiðbeiningum.
- Leggja áherslu á að reglurnar séu notendavænar.
 - Driscoll, Dawn-Marie and W. Michael Hoffman, Ethics Matters: How to Implement Values-Driven Management, 2000.



AÐ HVERJU ER AÐ HYGGA VIÐ SKRÁNINGU OG ENDURSKOÐUN SIÐAREGLNA?

- Hver er tilgangur reglnanna? Að stýra hegðun? Að hvetja til dáða?
- Siðareglur ættu að vera sniðnar að þörfum og gildismati viðkomandi fagfélags/stofnunar.
- Tvískiptar siðareglur:
 - Hvetjandi kafli/formáli
 - Reglur
- Verður reglunum fylgt eftir formlega? Þá með hvaða hætti?
 - Chris McDonald. **Guidance for Writing a Code of Ethics**, <http://www.ethicsweb.ca/codes/>



AÐ HVERJU ER AÐ HYGGA VIÐ SKRÁNINGU OG ENDURSKOÐUN SIÐAREGLNA?

- Þau gildi og reglur sem settar eru framarlega í reglurnar fá eðlilega meira vægi og uppröðunin ætti því að endurspeglar forgangsröðun og gildismat fagfélagsins.
- Huga þarf vandlega að ferlinu við að semja/endurskoða siðareglur. Hvernig rata þarfir fagfélagsins og viðhorf meðlimanna inn í siðareglurnar? Ferlið getur skipt jafn miklu máli og niðurstaðan.
- Hvernig verða nýjar reglur innleiddar? Hvernig kynntar innan og utan fagfélagsins? Hvað verður gert til að stuðla að því að gildismatið sem siðareglurnar endurspeglar verði í raun haft að leiðarljósi í störfum og stefnu stéttarinnar?
- Hvernig og hvenær verða siðareglurnar næst endurskoðaðar?
 - **Chris McDonald. *Guidance for Writing a Code of Ethics*, <http://www.ethicsweb.ca/codes/>**



MÖGULEG UPPBYGGING

- Ethics Resource Center (U.S.A.) mælir með:
 - I. MEMORABLE TITLE
 - II. LEADERSHIP LETTER
 - III. TABLE OF CONTENTS
 - IV. INTRODUCTION-PROLOGUE
 - V. CORE VALUES OF ORGANIZATION
 - VI. CODE PROVISIONS-SUBSTANTIVE MATTERS
 - VII. INFORMATION AND RESOURCES
- Getur átt við siðareglur fyrirtækis, stofnunar eða fagfélags.



MÖGULEG UPPBYGGING

- Norskar siðareglur þroskaþjálfra og skyldra starfsgreina:
 - I. Inngangur, aðild, markmið, skilgreiningar
 - II. Starfstengdar siðareglur í alþjóðlegu samhengi
 - III og IV. Siðferðilegar áskoranir og vandasöm málefni
 - V. Siðanefnd og starfsreglur hennar.
- Yrkesetisk grunnlagsdokument for barnevernspedagoger, sosionomer, vernepleiere og velferdsarbeidere.



AÐ HVERJU ER AÐ HYGGA VIÐ SKRÁNINGU OG ENDURSKOÐUN SIÐAREGLNA?

- Nokkur dæmi um útfærslu siðareglna:
 - [Siðareglur kennara](#)
 - [Siðareglur sálfræðinga á Norðurlöndum](#)
 - [Siðareglur félagsráðgjafa](#)
 - [National Association of Social Workers \(U.S.A.\)](#)
 - [Codex Ethicus Læknafélags Íslands](#)
 - [Siðareglur norskra þroskaþjálfara](#)



SPURNINGAR FYRIR HÓPAVINNU

- Hver er frumskuldbinding þroskaþjálfra (þarft og réttmætt hlutverk þeirra í samfélaginu)?
- Hvaða gildi skiptir mestu máli að þroskaþjálfar hafi að leiðarljósi í starfi?
- Hvað hefur breyst í starfsaðstæðum þroskaþjálfra frá því siðareglurnar voru skráðar 1992?
 - Hefur hlutverkið breyst? Hafa gildin breyst? Hefur umhverfið breyst?
- Hver er stærsta áskorunin í starfi þroskaþjálfra um þessar mundir?
- Hvernig geta skráðar siðareglur hjálpað þroskaþjálfum að bregðast við þeirri áskorun?
- Að hve miklu leyti ættu siðareglur þroskaþjálfra að vera hvetjandi (setja fram gildi og hugsjónir) og að hve miklu leyti leiðbeinandi (setja fram boð og bönn)?
 - Hvaða gildi og hugsjónir ættu þær að setja fram?
 - Hverju er mikilvægt að þær taki á með boðum og bönnum?



Takk fyrir!

